



Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 BORGARNES
Iceland

Garðabær, 28.8.2025

Málsnúmer: 202506-0044

S.S.

Efni: Endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037. Auglýst tillaga.

Vísað er í tölvubréf frá Borgarbyggð sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 24. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um auglýsta tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037.

Náttúrufræðistofnun veitti ítarlega umsögn um vinnslutillögu aðalskipulagsins þann 20. nóvember 2024. Flestallar ábendingar stofnunarinnar sem komu fram í þeirri umsögn eiga enn við þó einhverjar breytingar hafa orðið á einstökum þáttum. Vísað er því í þá umsögn sem áframhaldandi meginumsögn stofnunarinnar um endurskoðun aðalskipulagsins en til viðbótar vill stofnunin koma eftirfarandi á framfæri varðandi breytingar og/eða nýjar ábendingar:

- Í inngangskafla 6.1.1 um náttúruvernd hefur verið leiðrétt samkvæmt ábendingu í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar upptalning svæða sem stofnunin tilnefndi á B-hluta náttúru-minjaskrár þannig að þeirri ábendingu hefur verið brugðist við. Við þetta má bæta að tvö svæði, Oddauppsprettur og Lambeyrarkvísl voru á þingsályktunartillögu um B-hluta sem var lögð fyrir síðasta vorþing en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Reikna má með að sama tillaga fari fyrir komandi haustþing.
- Í kafla um afþreyingar- og ferðamannasvæði hefur verið felld út tillaga um uppbyggingu við Sæluhúsahæðir/Brunna, en Náttúrufræðistofnun hafði bent á í fyrri umsögn að ekki væri að finna þann landnotkunarreit á sveitarfélagsupphætti og erfitt að leggja mat á hvar nákvæmlega sú uppbygging væri áformuð. Sú ábending á því ekki lengur við.
- Í kafla um frístundabyggð hefur orðið einhver breyting á númerum en sömu áformuðu frístundabyggðir eru allar inni og vísað í athugasemdir í fyrri umsögn. Einni nýrri hefur verið bætt við við Kaldármela og eins og fram kemur í ákvæði skipulagsskilmálans er að finna birkikjarr sem ber að hlífa við raski og nálægð við hraun sem einnig þarf að huga að. Náttúrufræðistofnun styður við þennan skilmála.
- Möguleg áform um virkjanir í Hvítá og Geitá hafa verið teknar út úr skipulagstillögunni og eiga því ábendingar Náttúrufræðistofnunar um þau áform í fyrri umsögn ekki við að svo stöddu en að sjálfsögðu erindi ef þessi áform koma við sögu síðar.
- Nokkur ný skógræktarsvæði hafa verið sett í tillöguna frá því vinnslutillagan var í samráðsferli. Þar má nefna áform sem Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um til sveitarfélagsins þ.e. lðunnarstaði eða Skipulagsstofnunar þ.e. Varmalæk. Þar var lýst áhyggjum af umfangi og



mögulegum neikvæðum áhrifum t.d. á mófugla og að fara ætti í meiri athuganir á vettvangi til að legja mat á umfang þeirra áhrifa. Vísað er í þær umsagnir sem eru aðgengilegar á Skipulagsgátt. Náttúrufræðistofnun veitti árið 2023 umsögn til aðstandenda er standa að áformaðri skógrækt að Refsstöðum sem einnig er ný viðbót frá vinnslutillögu og þar var einnig lýst áhyggjum af áhrifum á mófugla og að votlendi væri töluvert á svæðinu sem ætti að hlífa fyrir skógrækt, og er minnst á það votlendi í skilmálum sem er jákvætt. Ekki er ljóst hvar SL75 er í landi Sveinatungu en á uppdrætti eru skógræktarsvæði þar skilgreind undir SL34. Nýtt svæði við Lund í Lundaerreykjadal þyrfti Náttúrufræðistofnun að fá tækifæri til að leggja betra mat á. Ljóst er að stefnt er að mikilli skógrækt í Lundaerreykjadal eins og reyndar víða í sveitarfélaginu eins og fjallað er um í umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillöguna. Mikilvægt er að hafa í huga samlegðaráhrif m.t.t. áhrifa á búsvæði mófugla, vistgerðir með hátt verndargildi, landslag o.fl. þátta í sveitarfélaginu í heild en ekki síst innan afmarkaðra hluta þess t.d. Lundaerreykjadal, Reykholtisdal, Hálsasveit og Norðurárdal þar sem áformuð og núverandi skógrækt er hvað þéttust.

- Vert er að leiðrétta mistök í fyrri umsögn þar sem fjallað var um svæði SL3 í Hítardal líkt og um skógrækt væri að ræða þegar það var skýrt að um landgræðsluáform væri að ræða.
- Töluvert er um heimildir til uppbyggingar tengt verslun og þjónustu, og nokkur ný slík áform í uppfærðri tillögu sem ekki var fjallað um í vinnslutillögu t.d. við Eskiholt, á Snorrastöðum, á Kaldármelum, við Efra Nes og víðar. Sums staðar er stefnt að töluverðri aukningu á gistiþlássi en ekki liggja þær upplýsingar alltaf fyrir eða hvað áætlað byggingarmagn er mikið. Mjög mikilvægt er að rýna hver og ein áform vandlega m.t.t. umhverfisáhrifa til að fylgja eftir mörgum góðum markmiðum aðalskipulagsins er varða verndun náttúru og umhverfis. Þá þarf að huga að samlegðaráhrifum við önnur landnotkunaráform af þeim toga sem geta valdið einhvers konar raski eða truflun fyrir lífríki, jarðminjar eða landslag. Náttúrufræðistofnun óskar eftir því að fá að veita umsagnir um þau áform uppbyggingar tengt verslun og þjónustu sem fela í sér umtalsverða uppbyggingu þegar á deiliskipulagsstig er komið, sérstaklega ef hún er á lítt snortnum svæðum eða svæðum þar sem finnast verðmætar náttúruminjar.
- Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillöguna var ítarleg ábending um það góða framtak sveitarfélagsins að skilgreina og kortleggja svæði þar sem möguleg uppbygging vindorku væri undanskilin eða í það minnsta verulega takmörkuð. Ábendingin sneri að því að Náttúrufræðistofnun taldi vanta að taka tillit til mikilvægra fuglasvæða og benti þar sérstaklega á Mýrar og Löngufjörur. Við þessu hefur verið brugðist og það svæði sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi fyrir B-hluta náttúruminjaskrár og nær yfir öll strandsvæði á Mýrum og allt láglendi vestan og sunnan Snæfellsnesvegjar, hefur verið bætt við sem svæði sem skal undanskilja. Náttúrufræðistofnun fagnar þessari breytingu og telur hana mjög mikilvæga því vindorkuver eiga ekki erindi á þetta mikilvæga fuglasvæði. Er sveitarfélagið hvatt til að byggja á þessari kortlagningu við mótun stefnu um uppbyggingu vindorku, sem og að horfa til fleiri sjónarmiða varðandi t.d. áhrif á fuglalíf en víða á láglendi Borgarfjarðar eru auðug votlendissvæði þar sem eru mikilvæg búsvæði fugla og vindorkuver eiga ekki frekar erindi en á Mýrunum.

Varðandi önnur atriði sem ekki er fjallað um í þessari umsögn er eins og áður segir vísað í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillöguna en þar eru ýmsar ábendingar t.d. varðandi áherslur sveitarfélagsins um svæðisbundna verndun, áform um uppbyggingu þéttbýlis o.fl. sem eiga enn erindi.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar